

## Leiðbeiningar til starfsmanna sem koma að innkaupum

Við innkaup er mikilvægt að kalla eftir skýrum upplýsingum á reikninga. Þetta á einnig við þegar óskað er eftir vinnu verktaka. Bókhald og áritarar reikninga þurfa að fá skýrar upplýsingar um bakgrunn máls: hvað er verið að kaupa, hver, hvers vegna og hver ber ábyrgð á útgjöldunum. Því er mikilvægt að starfsmenn gegni hlutverki kaupanda af ábyrgð.

Hafið eftirfarandi atriði í huga þegar vinna / vörur eru pöntuð:

- Tryggið að upplýsingar um verð og magn séu á hreinu
  - Fjöldi tíma og einingaverð verktaka verða að vera ljós áður en vinna hefst
- Gefið upp tilvísun kaupanda sem setja skal á reikninginn, getur verið:
  - Deild eða viðfang
  - Tengiliður
  - Pöntun
  - Verknúmer
- Leiðbeinið verktaka einnig eftir því sem við á:
  - Kalla eftir upplýsingum um bankareikninga, við viljum nota millifærslur
  - Birgja er ekki heimilt að setja viðbótargjöld á reikninga
  - Gjaldfrestir eru 30 dagar frá útgáfu reiknings
  - Alltaf gott að fá tölvupóstfang

Þegar ekki er gerður formlegur samningur við verktaka er skynsamlegt að senda tölvupóst að loknu símtali eða fundi þar sem efni máls og samkomulag er reifað. Oft er óvissa um umfang verks þegar samið er. Í þeim tilvikum gildir:

- Tilgreinið heildarupphæð sem verktaki má ekki fara yfir nema í samráði við kaupanda
- Einnig má kalla eftir reglulegum vinnuskýrslum (t.d. mánaðarlega),
- Einnig er hægt að tilgreina áfanga í verki og fá áfangaskýrslur
- Verktaka ber að halda sig innan umsaminna marka og taka samtal við kaupanda um leið og möguleg umframkeyrsla verður ljós.

Á heimasíðu FJS, er að finna ýmsar leiðbeiningar, einnig hefur Fjársýslan sett upp skráningarsíðu fyrir minni aðila sem ekki geta gefið út rafræna reikninga í eigin kerfi

- Sjá slóð: <http://www.fjs.is/rafraent/>

The screenshot shows the website interface for Fjársýsla ríkisins. At the top right, there are links for 'Veftré', 'Hafa samband', and 'English'. A search bar contains the text 'Leit á vefnum'. Below the navigation menu, the main heading is 'Rafrænir reikningar'. A blue button with the text 'SENDA REIKNING' is highlighted with a red rectangular box. To the left of this button is a sidebar menu with items like 'Lyklaskrár', 'Leiðbeiningar og verklagsreglur', and 'Kennsluefni og handbækur'. Below the main heading, there is a sub-heading 'Rafrænir reikningar til ríkisins – upplýsingar til birgja' and a line of text: 'Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur ákveðið að frá og með 1. janúar'.